

**149. fundur skipulags- og byggingarnefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar að Aðalstræti 63, Patreksfirði,
þriðjudaginn 26. apríl 2011 og hófst hann kl. 8:00.**

Fundinn sátu:

Ingimundur Andrússon, Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Guðrún Eggertsdóttir (GE),
Magnús Ólafur Hanson (MÓH), Bjarni Þór Einarsson, Davíð Rúnar Gunnarsson,
Ármann Halldórsson,

Fundargerð ritaði: Byggingarfulltrúi.
Anna Guðmundsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

**1. 1103035 - Lás ehf.- Umsókn um stækkun lóðar að Strandgötu 10 á
Bíldudal.**

Erindi frá Jóni S. Bjarnasyni f.h. Lás ehf. umsókn um stækkun lóðarinnar að
Strandgötu 10 á Bíldudal, frestað á 147. fundi nefndarinnar. Lögð var fram
tillaga um nýja staðsetningu steypustöðvarinnar á iðnaðarlóð utan við
núverandi geymslusvæði í Bíldudal. Nefndin leggur til að lóðin verði gerð
byggigarhæf og henni úthlutað til Láss ehf. undir steypustöð og aðra
starfsemi félagsins. Stækkun lóðarinnar að Strandgötu 10 er hafnað.

2. 1012049 - Keran Ólason umsókn um byggingarleyfi

Erindi frá Keran Ólasyni kt. 180766-4999, umsókn um byggingarleyfi til að
byggja matsal við gistiheimilið í Breiðavík, frestað á 145. fundi nefndarinnar.
Fyrir liggur aðaluppdráttur af húsinu ásamt skráningartöflu gerður af Sigurði
Þorvaldssyni, byggingarfræðingi. Nokkrar athugasemdir eru gerðar við
teikninguna. Skipulags- og byggingarnefnd og byggingarfulltrúi samþykkja
erindið með fyrirvara um fullnægjandi hönnunargögn og meðmæli
Skipulagsstofnunar skv. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis skipulagslaga nr.
123/2010.

3. 1102014 - Dalbraut 35 Bd. endurbætur

Erindi frá Jónu Sigríði Runólfsdóttur kt. 101153-5259, umsókn um
byggingarleyfi til að breyta gluggum hússins að Dalbraut 35 á Bíldudal til
upprunalegs forms. Umsókninni fylgir aðaluppdráttur í þríriti gerður af
Fjölsviði ehf. verkfræðistofu. Gerð glugganna er unnin í samráði við
húsafriðunarnefnd. Skipulags- og byggingarnefnd og byggingarfulltrúi
samþykkja erindið fyrir sitt leyti með fyrirvara um fullnægjandi hönnunargögn.

4. 1104048 - ÍH umsókn um leyfi til framkvæmda á íþróttavelli Vatneyri

Erindi frá Vesturbyggð, umsókn um byggingarleyfi fyrir tartanlögðum
körfuboltavelli og atrennubraut fyrir langstökk og þristökk við íþróttavöllinn á
Vatneyri. Umsókninni fylgir riss af fyrrihugaðri staðsetningu. Tillagan er að
hluta til innan deiliskipulagssvæðis sem unnið er nú að vegna Patrekshafnar.
Skipulags- og byggingarnefnd bendir á að ekki er pláss fyrir
frjálsíþróttaaðstöðu á svæðinu og leggur til að deiliskipulagssvæðið verði

stækkað og íþróttasvæðið skilgreint með tilliti til aðliggjandi lóða.

5. 1009078 - Hafnarsvæðið á Patreksfirði - Deiliskipulag

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir framlagða skipulagslýsingu fyrir hafnarsvæðið á Patreksfirði.

Deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið á Patreksfirði var til umræðu og var farið yfir óskir og athugasemdir sem fram komu á fundum með hagsmunaaðilum.

Niðurstöður þeirrar yfirferðar eru eftirfarandi:

Eyrargata verði opin áfram inn á hafnarsvæðið.

Bílastæði verði skilgreind á lóð gömlu sundlaugarinnar og akstursleið þaðan að Straumnesi.

Gerður verði tímabundinn og uppsegjanlegur leigusamningur um bílastæði fyrir vagna og vörubíla norðvestan við Straumnes.

Bílastæði verði skilgreind sunnan við hús Vöruafgreiðslunnar.

Byggingarreitur milli Odda og Perlufisks verði geymslu svæði fyrir kör þar til bygging þar verður ákveðin.

Deiliskipulagssvæðið verði stækkað að Aðalstræti milli Þórsögötu og Eyrargötu.

Skilgreina þarf lóðir og bílastæði betur m.a. við Þórsögötu.

Afmarkað og afgirt verði hæfilega stórt verndasvæði fyrir vöruflutninga við suðurenda hafskipabryggju, nyrðri hluti svæðisins verði svæði fyrir geymslugáma.

Setja þarf mörk hafnarsvæðisins á deiliskipulagsuppdráttinn.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að deiliskipulagstillagan verði uppfærð miðað við framangreind atriði og þannig tekin fyrir að nýju.

6. 1104051 - Umsókn um stöðuleyfi í Dufansdal

Erindi frá Fjarðalaxi ehf. kt. 641109-1770, umsókn um stöðuleyfi fyrir fóðurstöð í Dufansdal í Arnarfirði. Fóðurstöðin er fyrir laxeldi í sjókvíjum og samanstendur af þremur gámum og tveimur fóðursílóum. Fyrirhuguð staðsetning er í fyrrum malarnámu niður við sjó í Dufansdal. Umsókninni fylgja útlits- og afstöðumynd af fóðurstöðinni sem gerðar eru af Teiknistofu AVJ. Tekið er fram að gert sé ráð fyrir að fjarlægja öll mannvirki eftir að lokið er við að slátra laxi úr eldiskvíum og eldissvæðið hvílt í allt að fjögur ár þar til fiskur verður settur á ný á sama hafsvæði. Skipulags- og byggingarnefnd telur að deiliskipuleggja beri þau svæði sem áformað er að nota á landi við fiskeldi í sjó. Skipulags- og byggingarnefnd og byggingarfulltrúi samþykkja stöðuleyfi til eins árs fyrir fóðurstöðina samkvæmt framlögðum teikningum, enda verði sá tími notaður til að ljúka skipulagsvinnu fyrir fyrirhugaðrar landnotkunar vegna fiskeldis í sjó í Vesturbyggð.

7. 1102057 - Neyðarlínan fjarskiptahús á Urðarhjalla

Erindi frá Neyðarlínunni ohf. kt.511095-2553, umsókn um byggingarleyfi fyrir fjarskiptahúsi og mastri á Urðarhjalla við Látrabjarg. Umsókninni fylgir aðaluppdráttur ásamt afstöðumynd, gert af VGS verkfræðistofu.

Fjarskiptahúsið er 5,9m² úr timbri og mastrið er 20m hátt. Urðarhjalli er á svæði sem nýtur náttúru- og hverfisverndar. Þar sem um öryggisbúnað er að ræða samþykkja skipulags- og byggingarnefnd og byggingarfulltrúi fyrirhugaða framkvæmd með fyrirvara um umsögn Umhverfisstofnunar meðmæli Skipulagsstofnunar skv. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis skipulagslaga

nr. 123/2010.

8. 0912021 - Frístundabyggð á Bíldudal - deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir frístundabyggð í Bíldudal sem var auglýst frá 30. mars til 27. apríl 2010 og samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 16. nóvember 2010 þarf að auglýsa að nýju samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Ástæðan er að auglýsing í dagblaði sem gefið er út á landsvísu fórst fyrir. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að auglýsa deiliskipulag fyrir frístundabyggð í Bíldudal skv. 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

9. 1006067 - Arnar Guðmundsson lóð að Dalbraut 4 Bd.

Erindi frá Arnari Guðmundssyni kt. 060856-3039, eiganda Dalbrautar 4 á Bíldudal, krafa um leiðréttingu á stærð lóðar. Í bréfi sínu til nefndarinnar krefst Arnar þess að lóðin verði staðfest eins og hún er á gömlum uppdrætti sem hann kveðst hafa fengið hjá Skipulagsstofnun að viðbættu því sem tekið var af lóðinni við gerð vegarins að grunnskólanum á Bíldudal. Einnig segist hann í niðurlagi bréfsins ætlast til að sveitarfélagið verji sig fyrir gestum sínum og vísar þá til átroðnings á lóðinni. Skipulags- og byggingarnefnd vísar til fyrri umfjöllunar um málið á 139. fundi og afgreiðslu á 146. fundi nefndarinnar. Þá var lóðinni ákveðin stærð 460m² sem er 60m² meira en þinglýst og skráð lóð að Dalbraut 4 á Bíldudal. Eiganda er bent á að heimilt er að girða lóðina á lóðamörkum að fengnu samþykki skipulags- og byggingarnefndar sbr. 67. grein byggingarreglugerðar nr.441/1998. Einnig er bent á 64. grein sömu reglugerðar varðandi bílastæði á lóðum íbúðarhúsa.

10. 1104061 - Átaksvika í umhverfismálum

Guðrún Eggertsdóttir og Magnús Ólafs Hansson lögðu fram eftirfarandi tillögu.

Endurvakin verði átaksvika í umhverfismálum í Vesturbyggð á hverju vori þar sem fyrirtæki og einstaklingar verða hvattir til að fegra og bæta umhverfi sitt, en jafnframt verði veitt umhverfisverðlaun, til annarsvegar fyrirtækja og hins vegar einstaklinga sem hafa skarað fram úr í fegrun umhverfis síns.

Skipulags- og byggingarnefnd fagnar tillögunni og leggur til að forstöðumanni Tæknideildar Vesturbyggðar verði falin kynning á verkefninu og vikan 16. til 22. maí verði valin á þessu vori.

11. 1102040 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar

117. fundargerð Breiðafjarðarnefndar lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15

_____	_____
_____	_____
_____	_____